

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaæðilidar. Þá er skammtstúfufur umdæmi Vegagerðarinnar: St:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vt:Vesturland, Vf:Vesfirðir, N.v:Norðurland vestra, N.ey:Norðurland eystra, Au:Austurland.

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:	dagur, mánuður, ár
02-044 N.v. Siglufjarðarvegur (76), Gránugata - Tjarnargata á Siglufirði		03
02-074 Vf. Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausuá í Dýrafirði		03
02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá		03
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu		03
02-019 Vf. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð		02
01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun		02
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur		02
02-091 Áætlunarakstur á Suðurlandi og hluta Austurlands 2003 - 2005		02
02-078 Rn. Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði, eftirlit	Nýtt á lista	11.02
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
02-026 Au. Norðausturvegur (85) Hölnkná – Miðheiðarhryggur	11.11.02	25.11.02
02-095 Au. Hringvegur (1) Jökulsá á Breiðamerkursandi, árbakkar	04.11.02	11.11.02
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
02-078 Rn. Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði	14.10.02	04.11.02
02-093 N.ey. Vegslóði að rannsóknarholum á vestursvæði við Kröflu	14.10.02	28.10.02
02-009 N.v. Hringvegur (1), um Vatnsdalsá (Hnausakvísl) forsteyptar einingar 2002-2003	14.10.02	28.10.02
02-092 Sl. Biskupstungnabraut (35) um Laugaá	14.10.02	28.10.02
02-055 Au. Hringvegur (1), Biskupsháls - Vegaskarð	30.09.02	14.10.02
02-090 Vf. Vetrarþjónusta í Norðurárdal og á Bröttubrekku 2002-2005	16.09.02	30.09.02
02-027 Au. Styrking og mölburður á Austurlandi 2002-2003	16.09.02	30.09.02
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
02-084 Vf. Hringvegur (1), hringtorg við Snæfellsnesveg Borgarverk ehf., Borgarnesi	21.10.02	29.10.02

Þróunarsvið Vegagerðarinnar hélt ráðstefnu um rannsóknir stofnunarinnar föstudaginn 1. nóvember sl. Þátttakendur voru 117 og hlýddu þeir á 24 fyrirlestira yfir daginn. Á myndinni má sjá Ásdísi Guðmundsdóttur og Þorstein Þorsteinsson fínstilla tæknimálin en Hreinn Haraldsson ráðstefnustjóri fylgist með.

Niðurstöður útboða

Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði 02-078

Tilboð opnuð 4. nóvember 2002. Reykjanesumdæmi. Tvöföldun Reykjanesbrautar á 8,6 km löngum kafla frá Hvassahrauni á Strandarheiði ásamt byggingu mislægra vegamóta við Hvassahraun og Vatnsleysustrandarveg og tengingum við þau. Boðnar eru út tvær útfærslur á slitlagi Reykjanesbrautar með malbiki eða steinsteypu.

Helstu magntölur: bergskering 97.000 m³, neðra burðarlag 88.000 m³, efra burðarlag 30.000 m³, tvöföld klæðing 48.000 m², malbik á aðreinar, fráreinar, og vegamót 27.000 m², slitlag á Reykjanesbraut malbik eða steypa 64.000 m², mótafletir 2.500 m², slakbennt járnalögn 139 tonn, spennt járnalögn 23 tonn, steypa í vegamótabrýr 860 m³.

Verki skal vera að fullu lokið 1. nóvember 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
Tilhögun 1, malbik				
---	Áætlaður			
6	Rsb. Flóa og Skeiða	993.000.000	100,0	377.000
5	Klæðning ehf., Kópavogi	779.152.050	78,5	163.152
4	Ístak hf., Reykjavík	705.333.900	71,0	89.334
3	Suðurverk hf., Hafnarfirði	636.907.353	64,1	20.907
2	Íslenskir aðalverk-takar ehf., Reykjavík	625.819.430	63,0	9.819
1	Háfell ehf., Jarð-vélar ehf., Eykt ehf.	621.556.873	62,6	5.557
		616.000.000	62,0	0
Tilhögun 2, steypa				
---	Áætlaður			
4	verktakakostnaður	1.090.000.000	100,0	416.622
3	Ístak hf., Reykjavík	725.160.093	66,5	51.782
2	Suðurverk hf., Hafnarfirði	714.215.510	65,5	40.837
1	Háfell ehf., Jarð-vélar ehf., Eykt ehf.	703.146.200	64,5	29.768
	Íslenskir aðalverk-takar ehf., Reykjavík	673.378.033	61,8	0
Frávikstilboð, Íslenskir aðalverktakar 664.827.793				



Framkvæmdafréttir 37. tbl. /02



Snæfellsnesvegur (54) vestan Grundarfjarðar. Kirkjufell til vinstri.

Auglýsingar útboða

Norðausturvegur (85) Hölnkná - Miðheiðarhryggur 02-026

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboði í gerð Norðausturvegar á Sandvíkurheiði frá Hölnkná upp á Miðheiðarhrygg á 9,6 km löngum kafla, ásamt gerð Hafnarvegur um Hafnará í Bakkafirði á 0,4 km löngum kafla.

Helstu magntölur: fyllingar 72.000 m³, stálplöturæsi 90 m (3 stk), neðra burðarlag 45.000 m³, efra burðarlag 14.000 m³, klæðing 64.000 m².

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 11. nóvember 2002. Verð útboðsgagna er 3.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 25. nóvember 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Slysakort

Vegagerðin hefur lengi safnað saman upplýsingum um slys á þjóðvegum og árið 1997 var farið að merkja slysastaði inn á kort í teikniforriti. Þessi kort eru nú birt á vefsíðum Vegagerðarinnar Vegagerdin.is undir „umferð og umferðaröryggi / umferðar-óhöpp“. Á sama stað má finna skýrslur um lagfæringu slysastaða sem verkfræðistofan Línuhönnun hefur tekið saman og byggja m.a. á þessum slysakortum. Kortin ná yfir tímabilið 1996-1999.

Í opnu þessa blaðs er sýnt dæmi um svona slysakort af nágrenni Akureyrar. Sýnt er hvar óhöpp hafa orðið og hvers eðlis þau hafa verið. Óhöpp við vetraraðstæður eru sérstaklega merkt. Þar sem hægt er að koma því við sést dagsetning óhapps á yfir-litskortinu en þar sem óhöpp eru mjög tíð, þarf að skoða kort fyrir hvert ár fyrir sig til að fá upplýsingar um dagsetningu óhapps. Upplýsingar úr lögregluskýrslum um umferðaróhöpp liggja til grundvallar kortunum.

Slysakortin gera mögulegt að finna þá staði þar sem óhöpp eru tíð á tiltölulega auðveldan hátt og þau þurfa að liggja fyrir til að hægt sé að vinna skipulega að lagfæringu slysastaða. Til að greina nánar hvert vandamálið er á hverjum stað eru stundum teiknaðar svokallaðar slysamyndir en þær eru mun nákvæmari en slysakort og sýna stefnu og stöðu ökutækja og annarra vegfarenda og önnur atriði eins og t.d. hemlun, hröðun, dagsljós, myrkur, klukkan hvað slysið varð o.s.frv. Dæmi um slíka mynd er sýnt hér í opnunni en það nær yfir vegamót Hringvegur (Suðurlandsvegur) og Prengslavegar í Svínahrauni.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 37. tbl. 10. árg. nr. 320 11. nóv. 2002

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson** Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson** Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til: **Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík** (bréfsími 522 1109) eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.